

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 631, 3. ágúst 2001,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2001/2002.**

1. gr.

Í stað: „15. október“ í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 1. desember.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. október 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 751

9. október 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 128/1994 um mælieiningar.

1. gr.

Grein 3.1 orðist svo:

3.1 Heimilt er að nota „viðbótarmörkingar“ fram til 31. desember 2009, en í skilningi þessarar reglugerðar eru það ein eða fleiri mörkingar sem sýna mælieiningar, sem eru taldar upp í viðaukum II, III og IV.

2. gr.

Tafla í lið 1.3 í viðauka I orðist svo:

1.3 Forskeyti og tákn þeirra sem notuð eru til að tákna tiltekin tugveldi.

Tugveldi	Forskeyti	Tákn	Tugveldi	Forskeyti	Tákn
10^{24}	yotta	Y	10^{-1}	desi	d
10^{21}	setta	Z	10^{-2}	senti	c
10^{18}	exa	E	10^{-3}	milli	m
10^{15}	peta	P	10^{-6}	míkró	μ
10^{12}	tera	T	10^{-9}	nanó	n
10^9	gíga	G	10^{-12}	píkó	p
10^6	mega	M	10^{-15}	femtó	f
10^3	kíló	k	10^{-18}	attó	a
10^2	hektó	h	10^{-21}	septó	z
10^1	deka	da	10^{-24}	yoctó	y

3. gr.

Upphaf 3. liðar í viðauka I orðist svo:

3. EININGAR, SEM ERU NOTAÐAR Í ALÞJÓÐLEGA EININGAKERFINU, EN GILDI ÞEIRRA ERU FENGIN MEÐ TILRAUNUM

Stærð	Heiti	Eining Tákn	Skilgreining
Orka	Rafeindavolt	eV	Rafeindavolt er hreyfiorkan sem rafeind tekur í sig þegar hún fer í lofttómi frá einum stað til annars sem hefur eins volts meiri rafspennu.
Massi	Atómmassaeining	u	Atómmassaeining er einn tólfti hluti af massa einnar frumeindar aðalsamsætu frumefnisins kolefni-12.

Síðasta málsgrein og athugasemd haldast óbreyttar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/103/EB frá 24. janúar 2000 um breytingu á tilskipun ráðsins 80/181/EEB um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar sem tekin hefur verið upp í EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11 frá 28. febrúar 2001.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 9. október 2001.

F. h. r.

Porgeir Örlygsson.

Atli Freyr Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 714/2001 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi viðbætur og breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk í 2. gr. reglugerðarinnar:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg ótilgr.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg 0
0703.9001	Blaðlaukur	10.10.01 — 15.03.02		30	0